



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. febrúar 2024

2402022SA VRB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun, 585. mál.

Vísað er til tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 29. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun. Frumvarpið felur í sér að sett verði á fót ný Umhverfis- og orkustofnun sem er fyrst og fremst ætlað að fara með stjórnslu loftslags-, umhverfis- og orkumála og málefni auðlindanýtingar samkvæmt lögum þar um. Samhliða því er lagt til að Orkustofnun og sá hluti af starfsemi Umhverfisstofnunar, sem ný Umhverfis- og orkustofnun mun taka yfir, verði lagðar niður.

Afstaða sambandsins

Samband íslenskra sveitarfélaga telur markmið frumvarpsins metnaðarfull og bindur vonir við að sameining þessara stofnana verði farsælt skref til þess að tryggja skilvirka stjórnslu og gott samstarf milli einstakra stofnana og sveitarfélaga landsins. Sameining þessara stofnana ætti að geta náð þeim markmiðum, sé vel staðið að þeim, hvað varðar ábyrgðar- og verkefnaskiptingu. Mikilvægt sé í þeirri vegferð sem fram undan er að huga vel að þeirri þekkingu og mannauði sem til staðar er hjá hverri stofnun fyrir sig og tryggja áfram haldþæra þekkingu á umræddum málaflokkum.

Sambandið vill einnig ítreka fyrri athugasemd við áform um lagasetningu vegna fyrirhugaðrar sameiningar stofnana umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins er birt var í [samráðsgátt](#) en þar kom fram að mikilvægt væri að eiga þétt samtal við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og var vísað þar til umsagna heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga hvað það varðar. Einnig er mikilvægt að skilgreina hlutverk stofnana og deilda innan þeirra gagnvart heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Eitt af því sem taka þarf afstöðu til hvað varðar heilbrigðiseftirlit er stefnumótun til framtíðar um það hvort stefnt sé að meiri miðstýringu í þeim málaflokkum sem heyra undir heilbrigðiseftirlit eða hvort þjónustan og ráðgjöfin eigi frekar að vera í nærumhverfi fólks, t.d. heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Eitt af þeim hlutverkum sem Umhverfisstofnun hefur í dag er að samræma starfsemi heilbrigðiseftirlitanna, en takmörkuð vinna hefur átt sér stað hjá stofnuninni við að sinna því hlutverki.

Einnig má nefna aðra málaflokka þar sem finna má fjölmörg verkefni sem taka þarf tillit til við þessar breytingar. Má hér til að mynda nefna að byggðir verði upp skilvirkari ferlar varðandi úrgangstölfræði í landinu. Samhliða því ætti að skoða hlutverk Úrvinnslusjóðs við fyrirhugaðar breytingar, með það að markmiði að auka gagnsæi, sannreynanleika og trúverðugleika gagna um raunráðstöfun úrgangs,

þannig að markmiðum hringrásarhagkerfisins verði betur náð. Auk þess er mikilvægt að skilgreina hvaða hlutverki skrifstofa aðlögunar- og loftslagsmála sem í dag er vistuð hjá Veðurstofu Íslands á að gegna í ráðgjöf og vinnu með sveitarfélögum í loftslagsmálum.

Sambandið vill einnig ítreka fyrri ábendingar um að tímabært er að endurskoða í heild sinni lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Lögin hafa vaxið mikið síðustu árin og ná utan um mjög fjölbreytta starfsemi sem og ólíka eftirlitsaðila sem gerir þau mjög óaðgengileg fyrir þá sem starfa í málaflokknum. Í raun uppfylla þau lög ekki lengur viðmið um vandaða lagasetningu en í handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa segir að *...nauðsynlegt að hafa hugfast að öllum ber að fara að lögum og því verður lagatexti að vera skýr og skiljanlegur sem flestum, sérstaklega þeim sem löggin varða.*“ Í framhaldi af sameiningu stofnana í þessum málaflokk er gullið tækifæri að yfirfara, einfalda og skýra betur lagaramma sem stofnanirnar vinna eftir og verkaskiptingu milli stofnana ríkisins annars vegar og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga hins vegar.

Að lokum

Við sameiningu stofnana telur sambandið mikilvægt að litið sé til þess að opinbert eftirlit verði skilvirkt, horft verði til stafrænna lausna í eftirliti og sjálfvirkni ýmis konar verði nýtt. Leiðsagnarhlutverk stofnana má ekki glatast við þessar sameiningar og leita verður leiða til þess að gera samstarf þeirra við þjónustuþega og aðrar stofnanir einfalt og skilvirkt. Sambandið vill einnig ítreka mikilvægi þess að ríkið haldi áfram innleiðingu á stefnu um óstaðbundin störf og horft sé til þess við sameiningu stofnana.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur